

Abler ehf.

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10 - 14

Skýrsla stjórnar

Meginstarstarfsemi Abler ehf felst í hugbúnaðargerð tengdri íþróttá-, frístunda og skólustarfsemi.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2024 námu kr. 302,0 millj. í samanbúði við kr. 233,0 millj. árið 2023. Tap ársins nam kr. 44,1 millj í samanbúði við kr. 8,1 millj. tap árið 2023. Heildareignir námu í árslok kr. 896,8 millj. og eigið fé var um kr. 331,7 millj. Ársverk voru 20,1 í samanbúði við 13,6 árið 2023.

Árið 2024 var töluvert stærra rekstrarár en árið á undan og var þróun í rekstri félagsins í meginatriðum í samræmi við væntingar. Tekjur jukust með öflun nýrra viðskiptavina og að sama skapi jókst kostnaður félagsins umtalsvert í tengslum við þróun á nýjum vörum og þjónustu og er búist við því að sá kostnaður haldi áfram að vaxa með frekari þróun, auknum umsvifum og kröfum viðskiptavina. Rekstrartap félagsins var hærra en á árinu áður en til lengri tíma litið og þegar vægi þróunar í starfseminni minnkar er búist við að félagið nái jákvæðri rekstrarafkomu.

Framtíðaráform

Umtalsverðar fjárfestingar verða áfram í hugbúnaðarþróun og reiknað er með auknu umfangi starfseminnar, bæði á Íslandi og erlendis. Að öðru leyti er ekki reiknað með verulegum breytingum í rekstri félagsins á milli árunna 2025 og 2026.

Jöfnun taps

Ekki verður greiddur arður á árinu 2025 en stjórn vísar að öðru leyti til skýringar nr. 6 varðandi meðferð á rekstrarniðurstöðu ársins.

Eignaraðild

Í lok ársins voru hluthafar félagsins 34 en voru 35 í ársbyrjun. Félagið átti í árslok eigin bréf að nafnvirði kr. 3.668 sem námu 0,28% af heildarhlutafé félagsins. Hlutafé félagsins í árslok 2024 skiptist í A- og B-flokk og greinist þannig á hluthafa:

	Nafnverð	Hlutdeild	Flokkur
4M ehf.....	409.536	31,09%	A
Andri Fannar Stefánsson.....	8.647	0,66%	A
Bjarnason Holding ehf.....	14.706	1,12%	A
Greiðslumiðlun Íslands ehf.....	278.800	21,16%	A
GSOB ehf.....	58.824	4,47%	A
Hellisvík ehf.....	14.706	1,12%	A
Iphone ehf.....	175.516	13,32%	A
Sergii Komisar.....	8.647	0,66%	A
XTRO ehf.....	14.706	1,12%	A
Þórður Gíslason.....	29.125	2,21%	A
Aðrir hluthafar.....	85.770	6,51%	A
Frumtak 3 slhf.....	218.306	16,57%	B
	1.317.289	100%	

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Abler ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Samþykkt á stjórnarfundi þann 27. maí 2025.

Stjórn:

Brynja Baldursdóttir

Kristín Laufey Guðjónsdóttir

Svanhvít Gunnarsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Markús Máni Michaelsson Maute

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Abler ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Abler ehf. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Önnur mál

Ársreikningur 2023 var ekki endurskoðaður og því eru samanburðarfjárhæðir ekki endurskoðaðar.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Abler ehf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Abler ehf. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi félagsins eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Staðfest með rafrænni undirritun.

Enor ehf.

Hafnarstræti 53, 600 Akureyri

Níels Guðmundsson

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Sala		286.821.013	218.010.376
Styrkir		10.490.000	15.000.000
Aðrar tekjur		4.735.500	0
		<u>302.046.513</u>	<u>233.010.376</u>
Rekstrargjöld			
Vörukaup og aðkeypt þjónusta		96.172.236	88.219.179
Laun og launatengd gjöld	3	346.062.957	227.136.100
Annar rekstrarkostnaður		83.816.942	54.320.037
Afskriftir	4, 5	28.544.815	17.927.244
Eignfærður þróunarkostnaður		(204.790.776)	(137.299.619)
		<u>349.806.174</u>	<u>250.302.941</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		(47.759.661)	(17.292.565)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		12.709.149	9.208.591
Vaxtagjöld og gengismunur		(9.065.186)	(27.072)
		<u>3.643.963</u>	<u>9.181.519</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(44.115.698)</u>	<u>(8.111.046)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:	4		
Þróunarkostnaður		325.117.788	218.252.321
Viðskiptavild		225.000.000	0
Hugbúnaður		11.201.635	13.068.575
		<u>561.319.423</u>	<u>231.320.896</u>
 Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og búnaður	5	9.941.268	8.835.425
 Fastafjármunir samtals		 571.260.691	 240.156.321
 Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		28.710.894	18.229.124
Aðrar skammtímakröfur		3.208.489	2.429.019
Handbært fé		293.586.106	151.390.975
		<u>325.505.489</u>	<u>172.049.118</u>
 Eignir samtals		 <u>896.766.180</u>	 <u>412.205.439</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

6

Hlutfé	1.317.289	1.320.957
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár	409.607.223	413.746.255
Aðrir varasjóðir	11.589.042	0
Ójafnað tap	(90.832.210)	(46.716.513)
	<u>331.681.344</u>	<u>368.350.699</u>

Skuldir

Langtímaskuldir:

Aðrar langtímaskuldir	8	<u>225.000.000</u>	<u>0</u>
		225.000.000	0

Skammtímaskuldir:

Skuldabréf með breytirétti	7	268.868.889	0
Viðskiptaskuldir		11.418.664	14.391.374
Aðrar skammtímaskuldir		<u>59.797.284</u>	<u>29.463.366</u>
		340.084.837	43.854.740

Skuldir samtals

565.084.837 43.854.740

Eigið fé og skuldir samtals

896.766.180 412.205.439

Aðrar upplýsingar

9

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Hagnaður (tap) ársins		(44.115.698)	(8.111.046)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4, 5	28.544.815	17.927.244
Kaupréttir		11.589.042	0
Aðrir liðir		8.868.889	0
		<u>4.887.048</u>	<u>9.816.198</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(11.261.240)	(11.909.762)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		27.361.208	(3.850.270)
		<u>16.099.968</u>	<u>(15.760.032)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		20.987.016	(5.943.834)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	5	(3.788.973)	(7.128.929)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	4	(130.860.212)	(96.687.055)
		<u>(134.649.185)</u>	<u>(103.815.984)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé	6	0	130.000.000
Keyptir eigin hlutir	6	(4.142.700)	0
Útgáfa skuldabréfa með breytirétti	7	260.000.000	0
		<u>255.857.300</u>	<u>130.000.000</u>
Hækkun á handbæru fé		142.195.131	20.240.183
Handbært fé í byrjun ársbyrjun		151.390.975	131.150.793
Handbært fé í árslok		<u>293.586.106</u>	<u>151.390.975</u>
Aðrar upplýsingar			
Greiddir vextir		(196.297)	(27.072)
Innborgaðar vaxtatekjur		12.709.149	9.208.591
Viðskipti án greiðsluáhrifa			
Keypt viðskiptavild		(225.000.000)	0
Langtímaskuldir, breyting		225.000.000	0

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Abler ehf. er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Starfsstöð félagsins er í Reykjavík þar sem það vinnur að gerð hugbúnaðar tengdum þróttastarfsemi.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á vöru og þjónustu að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur af vörusölu eru skráðar þegar áhætta og eignarréttur vörunnar hefur færst yfir til kaupanda. Tekjur fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Arðstekjur frá félögum eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Tekjuskattur

Mismunur tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færast í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding eða inneign eftir því sem við á. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem kæmi til greiðslu ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar eða yfirfærðs ónýttar skattalegs taps, er færð að því marki sem líklegt er talið að hún muni nýtast á móti framtíðarhagnaði félagsins. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign miðast við það tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir frh

Óefnislegar eignir

Rannsóknarkostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til. Kostnaður sem verður til við verkefni við þróun, hönnun eða prófun nýrra vara er færður sem óefnisleg eign í efnahagsreikningi þegar líkur eru á verkefnið skili árangri. Skilyrði fyrir eignfærslu er að tæknileg geta til þess að ljúka við þróun sé til staðar, auk þess sem að vara verður að vera seljanleg og hægt sé að mæla kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður þegar hann verður til og kostnaður sem áður hefur verið gjaldfærður er ekki eignfærður síðar. Eignfærður þróunarkostnaður er afskrifaður, frá þeim tíma sem vara er komin í söluhæft ástand á áætluðum nýtingartíma.

Viðskiptavild félagsins er færð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörssdegi. Viðskiptavild er afskrifuð með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma hennar en þó ekki lengri tíma en 10 árum.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörssdegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tillits til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun	256.522.546	178.095.948
Launatengd gjöld	62.877.385	43.483.291
Áfallið orlof, breyting	15.073.984	5.556.861
Kostnaður við kauprétti	11.589.042	0
	346.062.957	227.136.100
Fjöldi ársverka	20,1	13,6

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld frh

Félagið hefur veitt tilteknum lykilstarfsmönnum kauprétti. Í samræmi við skilmála kaupréttaráætlunar er heimilt að veita starfsmönnum kauprétt á almennum hlutabréfum. Hver kaupréttur breytist í einn venjulegan hlut félagsins við nýtingu. Kaupréttur ávinnst í tveimur áföngum, fjórðungur á einu ári frá útgáfudegi og þrír fjórðu með línulegum hætti á 4 árum. Valrétturinn rennur út 10 árum frá útgáfudegi. Valréttirnir hafa hvorki rétt til arðs né atkvæðisrétt. Hægt er að nýta kauprétti hvenær sem er frá ávinnsludegi til þess dags sem þeir renna út. Starfsmaður skal vera starfandi hjá félaginu til lokadags, annaðhvort sem starfsmaður eða á annan hátt sem félagið telur fullnægjandi.

Félagið færir kauprétti á gangvirði í reikningsskilum sínum í samræmi við settar reikningsskilareglur og alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Allir kaupréttarsamningar innan félagsins eru gerðir upp með hlutabréfum og færðir til hækkunar á eigin fé og á móti í rekstrarreikning meðal launa og launatengdra gjalda. Gjaldfærð fjárhæð vegna kaupréttarsamninga á árinu 2024 nam 11.589.042 kr.

Við útleiðslu gangvirðis er stuðst við Black-Scholes líkanið og er gangvirðið háð mati stjórnenda á breytum í líkaninu, s.s. virði félagsins, væntu flókti, væntum líftíma og áhættulausum vöxtum.

4. Óefnislegar eignir

	Próunar- kostnaður	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	218.252.321	0	13.068.575	231.320.896
Viðbót á árinu	204.790.776	225.000.000	0	429.790.776
Nýsköpunarstyrkur, endurgreiðslur	(73.930.564)	0	0	(73.930.564)
Afskriftir	(23.994.745)	0	(1.866.940)	(25.861.685)
Bókfært verð í árslok	325.117.788	225.000.000	11.201.635	561.319.423
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	370.807.659	225.000.000	18.669.395	614.477.054
Afskrifað samtals	(45.689.871)	0	(7.467.760)	(53.157.631)
Bókfært verð í árslok	325.117.788	225.000.000	11.201.635	561.319.423
Afskriftahlutföll	10%	10%	10%	

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld og tækjabúnaður
Bókfært verð í ársbyrjun	8.835.425
Viðbót á árinu	3.788.973
Afskriftir	(2.683.130)
Bókfært verð í árslok	9.941.268
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:	
Kostnaðarverð	16.024.762
Afskrifað samtals	(6.083.494)
Bókfært verð í árslok	9.941.268
Afskriftahlutföll	20%

Skýringar

6. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 1.317.289 og skiptist í tvo flokka. Hlutfé í A-flokki nemur kr. 1.102.651 og hlutfé í B-flokki nemur kr. 218.306.

Hlutfé í B-flokki veitir atkvæðisrétt í samræmi við önnur ákvæði samþykkt félagsins, auk sérréttinda þeirra sem getið er í öðrum ákvæðum samþykktanna. Að auki eiga hluthafar í B-flokki greiðsluforgang á hluthafa við sölu, slit á félaginu eða við gjaldþrot þess eins og nánar greinir í samþykktum félagsins.

Félagið á árslok eigin hluti að nafnverði kr. 3.668 sem keyptir voru á árinu vegna starfsloka starfsmanns. Kaupverðið nam um kr. 4,1 millj.

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð þess hlutfjár sem félagið hefur sjálft selt.

Kaupréttir

Félagið færir kauprétti á gangvirði í reikningsskilum sínum í samræmi við settar reikningsskilareglur og alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Allir kaupréttarsamningar innan félagsins eru gerðir upp með hlutabréfum og færðir til hækkunar á eigin fé og á móti í rekstrarreikning meðal launa og launatengdra gjalda. Sjá nánar skýringu 3.

Annað bundið eigið fé

Annað bundið eigið fé samanstendur af eignfærðum þróunarkostnaði en er ekki fært upp í árslok þar sem óráðstafað eigið fé er neikvætt. Binding eigin fjár vegna þróunarkostnaðar í árslok nemur kr 260,1 millj.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutfé	Yfirverðsreikn. innb. hlutfj.	Kaupréttir	Ójafnað tap	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	1.320.957	413.746.255		(46.716.513)	368.350.699
Gjaldfærðir kaupréttir			11.589.042		11.589.042
Keyptir eigin hlutir	(3.668)	(4.139.032)			(4.142.700)
Hagnaður (tap) ársins				(44.115.698)	(44.115.698)
Staða í árslok	1.317.289	409.607.223	11.589.042	(90.832.210)	331.681.344

7. Skuldabréf með breytirétti

Á árinu gaf félagið út skuldabréf með breytirétti. Hægt er að breyta skuldabréfum í almennt hlutfé ef hlutfjáraukning þar sem félagið er metið á yfir 3 milljónir USD á sér stað. Við breytingu fá eigendur 20% afslátt frá nýjasta hlutabréfaverði nýs hlutfjár. Ef hlutfjáraukning hefur ekki átt sér stað við gjalddaga bréfanna, mun skuldabréfið breytast í hlutabréf í B-flokki á verði sem reiknað er út frá virði eiginfjár félagsins sem margfaldara af tekjum en með 20% afslætti.

Bréfin bera fasta 8% vexti á ári. Ef breytingaréttur er ekki nýttur ber að greiða höfuðstól og ógreidda áfallna vextir skuldabréfanna að fullu á gjalddaga í september 2025.

Hreint andvirði sem fékkst af útgáfu breytanlegra bréfanna var skipt á milli fjárskuldar á afskrifuðu kostnaðarverði og afleiðu sem sýnir gangvirði innbyggða valréttarins til að breyta fjárskuldinni í eigið fé félagsins. Vaxtakostnaður vegna breytanlegra skuldabréfa og gangvirðisbreytingar afleiðunnar er færður meðal fjármagnskostnaðar í rekstrarreikningi.

Skýringar

8. Aðrar langtímaskuldir

Aðrar langtímaskuldir eru tilkomnar vegna kaupa á viðskiptavild í árslok 2024. Skuldin ber vexti sem taka mið af reibor auk 3,6% álags og kemur til greiðslu á einum gjalddaga þann 31.12.2026.

9. Aðrar upplýsingar

Skattamál

Ekki er áætlað að félagið greiði tekjuskatt á árinu 2025 vegna ársins 2024.

Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði næstu ára og skiptist þannig:

Skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	4.304.810
Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	4.422.484
Skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	5.626.800
Skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	6.453.659
Skattalegt tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031	8.841.272
Skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	15.122.802
Skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	11.841.854
Skattalegt tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	29.260.924
	<u>85.874.606</u>

Tekjuskattsinneign félagsins að fjárhæð kr. 52 millj. hefur ekki verið færð upp í reikningsskilin vegna óvissu um nýtingu. Skattalegt tap fyrnist á 10 árum skv. lögum um tekjuskatt.

Félagið hefur sótt um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki skv. lögum nr. 152/2009 og reiknar með að fá styrk við álagningu opinberra gjalda á árinu 2025 allt að kr. 107,5 millj. vegna þróunarverkefna á árinu 2024. Styrkir eru færðir til lækkunar á kostnaði við þróunarverkefni við úthlutun og greiðslu sem er við álagningu árið eftir að kostnaðurinn fellur til.

Leigugreiðslur

Húsaleiga

Félagið hefur gert samninga um rekstrarleigu og eru leigugreiðslur færðar til gjalda með húsnæðiskostnaði í rekstrarreikningi.

	<u>2024</u>
Leigugreiðslur á árinu greinast þannig:	
Fasteignir	10.879.989
Framtíðarleigugreiðslur samninga í árslok greinast þannig:	<u>31.12.2024</u>
Fasteignir, leigusamningur til 31.5.2026	15.098.006
Greiðslur af leigusamningum félagsins til næstu fimm ára greinast þannig í árslok 2024:	
Árið 2025	10.657.416
Árið 2026	4.440.590
	<u>15.098.006</u>